

Nd.

104. Frumvarp til laga

[94. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Taka barns af heimili og kyrrsetning barns er óheimil nema foreldrum og forráðamönnum sé birtur úrskurður samkv. 14. gr. í síðasta lagi innan viku frá því er ráðstöfun fór fram og gætt sé ákvæða 20. og 32. gr.

2. gr.

Aftan við 1. málsg. 16. gr. laganna bætist:

Skylt er að styðja fullyrðingar um ölvun og lyfjanotkun blóðrannsókn eða læknisrannsókn, nema brún ástæða hamli. Ef slíkar rannsóknir liggja ekki fyrir, skal þess getið í skýrslu, hvers vegna slík rannsókn hafi ekki farið fram.

3. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Foreldrar og forráðamenn skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum er þá eða börn þeirra varða. Skal þeim heimilt að fá staðfest afrit af þeim. Séu gögn dregin undan, er óheimilt að nota þau í barnaverndarmáli.

4. gr.

1. málsg. 56. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barns svo og aðrir þeir. sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefnda, geta borið mál undir barnaverndar-ráð til fullnaðarúrskurðar. Er ráðinu skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Skal úrskurður ráðsins liggja fyrir innan 30 daga frá því að ráðinu barst málið til meðferðar, nema báðir málsaðilar samþykki lengri frest. Ákvæði 14., 15., 16. og 20. gr. eiga hér einnig við og getur barnaverndarnefnd mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp, nær samhljóða þessu, var flutt af Ellert B. Schram á 100. löggjafarþinginu og er það nú endurflutt í sömu mynd. Frumvarpinu fylgdi þá greinargerð, sem birtist hér óbreytt:

Fá mál eru viðkvæmari og vandmeðfarnari en barnavernd og afskipti af heimilum eða einstaklingum af þeim sökum. Það verður að teljast neyðarráðstöfun, þegar samfélagið þarf að grípa inn í fjölskyldumál og leysa úr vandamálum, sem stafa af sálrænum, tilfinningalegum eða persónulegum ástæðum, ekki síst þegar börn eða ungmenni eiga í hlut. Barnaverndarnefndir, barnaverndarráð, félagsfræðingar og aðrir, sem afskipti hafa af slíkum málum, hafa að þessu leyti mikla og vandasama ábyrgð.

Allajafna fara störf þessara aðila fram í kyrrþey, og ljóst er, að hversu margar lagagreinar og reglur sem settar eru um framkvæmd og meðferð barnaverndarmála reynir fyrst og fremst á þroska, skilning og lipurð þeirra, sem til slíkra ábyrgðarstarfa veljast að dæma um velferð barns eða ungmennis. Óhætt er að fullyrða, að við allan meginþorra barnaverndarmála gætir slíkra sjónarmiða.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt, að löggjöf móti meginstefnu, sem taki tillit til mannúðlegra viðhorfa og beri hag einstaklinganna, sem í hlut eiga, fyrir brjósti.

Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, hafa verið í endurskoðun um nokkurt skeið, en lítið virðist miða og hljótt er um þá endurskoðun.

Að gefnu tilefni hefur flutningsmaður þessa frumvarps ákveðið að hafa fram nokkrar breytingartillögur við nefnd lög, en þær hníga allar í þá átt að tryggja betur en nú er gert rétt foreldra eða forráðamanna barna, með hagsmuni barnsins fyrir augum. Er þá gengið út frá þeirri meginforsendu, að barnið sé hluti fjölskyldu, sem umfram allt megi ekki stíá í sundur nema til þess liggi óumdeilanleg rök og ástæður. Í íslenskri löggjöf er allsráðandi sú meginregla, að fjölskyldan búi og lifi saman, og aldrei má til þess koma, að barni sé ráðstafað og það tekið úr umsjá foreldra vegna rangra upplýsinga eða á röngum forsendum.

Hér er ekki einvörðungu um það að ræða, að sjálfsagður réttur barnsins og fjölskyldunnar sé hafður í huga, heldur höfðað til þeirrar grundvallarreglu í réttarríki, að aðilar máls eigi heimtingu á því að vera upplýstir um málsástæður og gögn, sem úrskurður kann að byggjast á. Á þetta skortir nokkuð í núgildandi lögum.

Einstakar greinar skýra sig að mestu sjálfar.